

Tillaga til 422. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 19. september 2018

Tillaga 503. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 29. ágúst sl., um að heimila að vikið sé frá gr. 5.8.2 í skipulagsreglugerð 90/2013, með vísan í gr. 5.8.4 vegna óverulegra frávika fyrirhugaðra byggingaframkvæmda með hliðsjón af deiliskipulagi.

Deiliskipulag, þ.e. skipulagsskilmálar svæðisins, heimila tvö salernishús að heildarstærð 25 fm. Sótt er um byggingarleyfi fyrir tveimur salernishúsum að heildarstærð 26.4 fm. og aðstöðuhúsi landvarðar þ.e. 16.2 fm þ.e. alls 42.6 fm. að heildarstærð.

5. Umsókn um byggingarleyfi Dynjandi - 2018060011

Birgir Teitsson f.h. Umhverfisstofnunar, sækir um byggingaleyfi vegna þriggja þjónustuhúsa við Dynjanda. Um er að ræða tvö hús vegna salernisaðstöðu og eitt hús fyrir landvörð. Fylgigögn eru erindisbréf frá Arkís dags. 04.06.2018 ásamt undirritaðri umsókn um byggingaleyfi dags. 6. júní. sl., afstöðumynd frá Landform dags. 6. júní 2017 og aðaluppdráttir frá Arkís dags. 8. apríl 2018. Ofangreindu erindi var vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar af afgreiðslufundi byggingafulltrúa nr. 28 sem haldinn var 13.07.2018 vegna frávika frá deiliskipulagi. Deiliskipulag þ.e. skipulagsskilmálar svæðisins heimila tvö salernishús að heildarstærð 25 fm. Sótt er um byggingarleyfi fyrir tveimur salernishúsum að heildarstærð 26.4 fm og aðstöðuhúsi landvarðar þ.e. 16.2 fm þ.e. 42.6 fm. heildarstærð.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að vikið sé frá gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð 90/2013 með vísan í gr. 5.8.4. Undirrituð heimild landeiganda þ.e. Rarik, þarf að liggja fyrir áður en byggingaleyfi er gefið út.